

ósannað að hann hafi getað endurborgað hann, og í þriðja lagi bar hreppsnefnd Skarðstrand 111 arhrepps enga skyldu til þess að bera undir hreppsnefnd Fellstrandarhrepps, hvort veita ætti 1. nóvbr. Jóni fátækrastryk eða ekki.

Með því að engiun ágreiningur er um sveitfesti Jóns Guðbrandssonar, álit jeg að hreppsnefnd Fellstrandarhrepps beri að greiða fátækra sjóði Skarðstrandarhrepps hinn umrædda fátækrastryk að upphæð 15 kr.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Kefla- 112
vík í Gullbringusýslu verði gjörð að póstafrgreiðslustað. 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjer með ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er í Keflavík, verði þar sett á stofn póstafrgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Húsa- 113
vík í Sudurþingeyjarsýslu verði gjörð að póstafrgreiðslustað. 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjer með ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er í Húsavík, verði þar sett á stofn póstafrgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning 114
póstafrgreiðslunnar á Borgum í Nesjahreppi að Hólum í sama 7. nóvbr.
hreppi. (Ágrip).

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 16. sept. þ. á., hefir stjórnarráðið ákveðið, að póstafrgreiðslan á Borgum í Nesjahreppi í Austur-skapafellssýslu skuli flutt að Hólum í sama hreppi.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um end- 115
urgjald á veittum sveitarstryk. 21. nóvbr.

Sýslumaðurinn í Árnassýslu hefir lagt undir úrskurð stjórnarráðsins ágreining milli hreppsnefndanna í Hrunamannahreppi í tjeðri sýslu og Sauðárhrepps í sýslu yðar, herra sýslumaður, útaf sveitarstryk veittum Hafliða nokkrum Gunnarssyni veturinn 1903—1904.

115 Um haustið 1903 kom Hafliði þessi fótgangandi norðan fjöll suður í Hruna-
 21. nóvbr. mannahrepp illa á sig kominn; kvaðst hann hafa flúið undan ofsóknum í Skaga-
 fjarðarsýslu; flakkaði hann um sveitina og fjekkst ekki til að vinna neitt verk,
 enda var greinilegt að maðurinn var vitskertur. Hreppsnefndin í Hrunamanna-
 hreppi skrifaði þá sýslumanninum í Árnæssýslu og skýrði honum frá málavöxt-
 um og beiddi hann að spyrja upp framfærslusveit Hafliða; sýslumaðurinn tilkynnti
 þetta brjef þegar sýslumanninu í Skagafjarðarsýslum og hann svarar með brjefi
 23. des. um veturnum, að Hafliði þessi sje sveitlægur í Saudárhreppi og liggi eigi
 annað fyrir en að flytja hann þangað norður fátækraflutningi. Með því að það
 reyndist ekki hægt að fá Hafliða til að dvelja að staðaldri á þeim bæjum, sem
 hreppsnefnd Hrunamannahrepps vísaði honum til vistar, en sýslumaðurinn í Árn-
 nessýslu hafði lagt fyrir nefndina að beita eigi valdi við hann meðan hann ynni
 engum mein eða gerði sig líklegan til þess, þá hafði nefndin ekki önnur ráð en
 biðja alla bændur í sveitinni að lofa honum að dvelja þar sem hann vildi í þann
 og þann svipinn og veita honum það, sem hann þyrfti til viðurværis þangað til
 flutningi yrði við komið, upp á endurgjald frá framfærslusveit hans síðar þegar
 sjeð yrði, hvað lengi hann dveldi á hverjum stað eða hvort hann hefði nokkra
 verulega dvöl í hreppnum. Flakkaði hann svo um hreppinn, en á tveim bæjum
 dvaldi hann samtals 95 daga og frá þeim bæjum einum kom krafa um vorið til
 hreppsnefndarinnar um endurgjald. og nam sú krafa auk nokkurs smávegis, er
 hreppsnefndin hafði veitt Hafliða, 71 kr. 50 aur. Þessa upphæð hefir hreppsnefnd
 Saudárhrepps neitað að endurgreiða Hrunamannahreppi, af því að hreppsnefnd
 hins síðastnefnda hrepps hafi eigi tilkynnt henni framannefndar ráðstafanir sínar
 áður hún sendi reikninginn í júlí um sumarið og hefir hreppsnefnd Saudárhrepps
 borið því við, að hefði hún fengið tilkynningu um þetta í tíma, þá hefði hún
 gjört ráðstafanir til að fá Hafliða heimfluttan með fyrstu skipsferð frá Reykjavík
 um vorið. En til þessa hefir sýslumaðurinn í Árnæssýslu svarað því, að hann í
 marzmánuði um vorið hafi reynt að fá Hafliða fluttan sjóleið norður, en fátækra-
 stjórnin í Reykjavík hafi talið ýms vandkvæði á þeim flutningi, og þótt tekizt
 hefði að koma honum norður með fyrstu skipsferð um vorið, þá hefði þó ekkert
 sparazt af þeim kostnaði, er hjer um ræðir, því sá kostnaður hafi verið áfallinn,
 er strandferðir hófust. Hafliði fór burt úr Hrunamannahreppi í byrjun aprilmán-
 aðar og kom ekki í þá sveit upp frá því, en norður var hann fluttur landveg, er
 grös voru komin.

Hreppsnefnd Saudárhrepps verður nú eptir atvikum, og með sjerstaklegu
 tilliti til þess, að aðrar sveitir ættu ekki að líða fyrir afskiptaleyssi hlutaðeigandi
 framfærslusveitar af vitskertum manni, svo að hann hleypur burt í aðrar sveitir,
 eins og hjer átti sjer stað, að teljast nægileg aðvöruð við framannefnda tilkynn-
 ing um að Hafliði stæði uppi vegalaus og vitskertur í Hrunamannahreppi, enda
 var þá þegar krafizt að hann væri fluttur á sveit sína fátækraflutningi, er eigi
 virðist hafa dregist úr hófi.

Samkvæmt þessu er hjer með úrskurðað, að Saudárhreppur skuli endur-
 gjalda Hrunamannahreppi hinn umrædda sveitarstyrk til Hafliða með 71 kr. 50 a.

Þetta er yður, herra sýslumaður hjermeð til vitundar gefið yður til leið- **115**
beiningar og til birtingar fyrir hreppsnefnd Sauðárhrepps, og ber yður að leggja ^{21. nóvbr.}
fyrir nefndin að greiða frammannefnda upphæð án frekari dráttar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um skipting 116
Grímsneshrepps í tvö sveitarfjelög. ^{21. nóvbr.}

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags 5. maí þ. á., hefir stjórnarráð-
inu borizt erindi frá hreppsnefndinni í Grímsneshreppi í sýslu yðar um skipting
þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum hlutadeigandi sýslunefndar með
því, að skipting þessi verði leyfð. Ennfremur hafa hingað borizt með brjefi yðar,
dags 2. þ. m., tillögur yðar og hreppsnefndar Grímsneshrepps um tölu hrepps-
nefndarmanna í hvorum hinna tveggja fyrirhuguðu hreppa.

Útaf þessu skal hjermeð samkvæmt 23. og 2. gr. í tilskipun 4. maí 1872
um sveitarstjórn á Íslandi skipað svo fyrir, sem hjer segir.

1. Grímsneshreppi í Arnessýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, þannig að
takmörkin milli hinna nýju hreppa verði Apá, Apavatn og Hagaós, og nefnist
efri hlutinn Laugardalshreppur, en syðri hlutinn haldi nafninu Grímsneshreppur.

2. Öllum eignum skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Gríms-
neshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli
hinna nýju hreppa, að í hlut Laugardalshrepps komi $\frac{1}{4}$ hluti, en í hlut Gríms-
nesshrepps $\frac{3}{4}$ hlutar, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim,
er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til
hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó er gjör sú undantekning frá ný-
nefndri reglu um skipting skuldanna, að af 5000 kr. láni því, er tekið hefir ver-
ið til brúargerðar á Sogið, greiði Laugardalshreppur aðeins 500 kr., en sje að
öðru leyti laus við allan kostnað af brú þessari og viðhaldi hennar.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa
verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í
Laugardalshreppi og 5 í Grímsneshreppi, en þær skulu síðan framkvæma skipt-
inguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skipt-
ingunni, skal úr honum skoríð af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjall-
skil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, frekari
aðgjörða og birtingar, að því viðbættu að með framangreindri fyrirskipan er eng-
in breyting gjörð á hinum forna Grímsneshreppi sem dómpinghá nje manntals-
pinghá.